

180. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 24. febrúar 2017 kl. 09:30.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir, formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson og Óttar Bragi Práinsson. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Lögð fram tillaga að dagskrárbreytingu, að inn komi tveir nýir dagskrárliðir, 1.2 og 8. Tillagan samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. 54. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
Byggðaráð Bláskógabyggðar fagnar að unnin hafi verið lestrarstefna fyrir skólastofnanir í Bláskógabyggð.
- 1.2. 55. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar.
Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 253. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.2. 177. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.3. 516. fundur stjórnar SASS.
- 2.4. 846. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 2.5. 28. fundur stjórnar Orkusveitarfélaga.

3. Samningar:

- 3.1. Innheimtupjónusta.
Lögð fram tilboð í innheimtupjónustu og þau yfirfarin.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Mótus ehf og Lögheimtuna ehf á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.
Sveitarstjóra falið að undirrita samning fyrir hönd Bláskógabyggðar.
- 3.2. Drög að samningi við Fjölís um afritun verndaðra verka.
Lögð fram drög að samningi við Fjölís um afritun verndaðra verka, dags. 1. febrúar 2017. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Fjölís á grundvelli fyrirbyggjandi draga að samningi og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Bláskógabyggðar.

4. Þingmál og reglugerðir:

- 4.1. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 10. febrúar 2017; frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga (þingmál 128).
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að taka undir umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um umrætt frumvarp.
Jafnframt vill byggðaráð Bláskógabyggðar benda á að inni í fyrirbyggjandi frumvarp vantar ákvæði um heimild til veitingar sérstaks leyfis til farþegaflutninga við ferðaþjónustu. Vísað er til 31. greinar eldra frumvarps, nr. 874/144, sem tekur vel á þessum málum, en hún er þannig hljóðandi:

Ferðaþjónustuleyfi.

Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til farþegaflutninga við ferðaþjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið

bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi skv. 12. gr. Skilyrði ferðaðþjónustuleyfis er að það sé notað í tengslum við ferðaðþjónustu og skal umsækjandi hafa annaðhvort rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsöndu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðaðþjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri afþreyingu sem er hluti af ferðaðþjónustu. Ökutæki ferðaðþjónustuleyfihafa skulu vera merkt rekstraraðila. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu ferðaðþjónustuleyfis, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði.

Byggðaráð Bláskógabyggðar leggur til að sambærileg grein verði sett inn í fyrirliggjandi frumvarp.

Ef ákvæði sem þetta er ekki inni í lögnum þá er einungis hægt að aka ferðamönnum í rútu eða leigubíl, eða þá á sérútbúinni bifreið skv. 20. grein reglugerðar um fólksflutninga nr. 528/2002. Þetta fyrirkomulag er ekki ásættanlegt fyrir ferðaðþjónustuaðila, þá sérstaklega þá sem eru staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Þá mun þetta einnig vera mikil hvati fyrir ferðamenn að taka á leigu eigin bifreið sem er ekki endilega það sem þörf er á að teknu tilliti til ástands vegakerfisins.

- 4.2. Drög að reglugerð innanríkisráðuneytis um útlendingamál.
Lögð fram drög að reglugerð innanríkisráðuneytis um útlendinga. Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við framlögð drög að reglugerð að svo komnu máli.

5. Niðurfelling krafna vegna greiðsluáðlögunarsamninga.

Lagt fram yfirlit yfir kröfur til niðurfellingar vegna greiðsluáðlögunarsamninga. Um er að ræða niðurfærslu hjá sveitarsjóði að upphæð kr. 957.426 og hjá Bláskógaveitu kr. 122.105. Alls eru niðurfellingar að upphæð kr. 1.079.531.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fella niður umræddar kröfur vegna greiðsluáðlögunarsamninga.

6. Innsend bréf og erindi:

- 6.1. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 21. febrúar 2017; beiðni um umsögn vegna útgáfu rekstrarleyfis, Eyjavegur 14 í landi Haukadals.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Erling Sæmundssonar, kt. 231161-7599, um útgáfu rekstrarleyfis vegna reksturs gististaðar í flokki II í frístundahúsi að Eyjavegi 14 í landi Haukadals.

Skv. ákvæðum laga nr. 85/2007 m.s.br. og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis, þá þarf viðkomandi húsnæði að vera skráð sem atvinnuhúsnæði. Þar sem umrædd húseign er á skipulögðu frístundahúsasvæði þá samræmist þessi starfsemi í flokki II ekki gildandi skipulagi. Vegna þessara annmarka getur byggðaráð Bláskógabyggðar ekki fallist á að umrætt leyfi verði veitt.

- 6.2. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 21. febrúar 2017; beiðni um umsögn vegna útgáfu rekstrarleyfis, Laugarbraut 1, 3 og 5 á Laugarvatni.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar IceWise ehf kt. 470512-1210, um útgáfu

rekstrarleyfis vegna reksturs gististaðar í flokki II í húnæði að Laugarbraut 1, 3 og 5 á Laugarvatni.

Skv. ákvæðum laga nr. 85/2007 m.s.br. og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis, þá þarf viðkomandi húsnaði að vera skráð sem atvinnuhúsnaði. Þar sem umræddar húseignir eru staðsettar á miðsvæði skipulagsins á Laugarvatni þá samræmist þessi starfsemi í flokki II gildandi skipulagi. Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

- 6.3. Tölvuskeyti Landsbankans hf. dags 21. febrúar 2017; beiðni um að falla frá forkaupsrétti.
Lagt fram tölvuskeyti Landsbankans þar sem óskað er eftir samþykki Bláskógabyggðar á afsali, þar sem Hömlur efh kt. 630109-0940 selur og afsalar Landsbankanum hf. eignina Ösp fnr. 220-5270, 220-5271 og 220-5274.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir umrædda beiðni og fellur frá forkaupsrétti skv. leigusamningi dags. 15. apríl 1970.
- 6.4. Bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis dags. 14. febrúar 2017; beiðni um upplýsingar vegna stefnumótunar í fiskeldi.
Lagt fram bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis þar sem óskað er eftir svörum nokkurra spurninga um áhrif fiskeldis í Bláskógabyggð.
Sveitarstjóra og oddvita falið að svara þeim spurningum sem fram koma í bréfinu.
- 6.5. Bréf Ísorku, móttakið 19. febrúar 2017; rafbílavæðing.
Lagt fram bréf Ísorku þar sem boðin er þjónusta í tengslum við uppsetningu hleðslustöðvar sem Orkusalan færði sveitarfélaginu að gjöf á síðsta ári.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að vísa erindinu til sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs.
- 6.6. Tölvuskeyti Team Spark 2016-2017, dags. 15. febrúar 2017; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Team Spark 2016-2017 þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna ferðar á alþjóðlega hönnunarkeppni verkfræðinema, Formula Student. Erindinu hafnað.
- 6.7. Bréf Íþróttasambands Lögreglumanna, dags 21. febrúar 2017; styrkbeiðni.
Lagt fram bréf Íþróttasambands Lögreglumanna þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna verkefnisins „Eftir einn ei aki neinn“. Erindinu hafnað.
- 6.8. Tölvuskeyti UMFÍ, dags. 7. febrúar 2017; umsóknir vegna 23. Unglingamóts UMFÍ og 9. Landsmóts UMFÍ 50+.
Lagt fram tölvuskeyti UMFÍ þar sem auglýst er eftir umsóknum um að halda 23. Unglingamóts UMFÍ og 9. Landsmóts UMFÍ 50+.
Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur ekki í hyggju að sækja um að halda umrædd mót.
- 6.9. Tölvuskeyti Hjartaheilla, dags. 16. febrúar 2017; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Hjartaheilla þar sem óskað er eftir fjárstyrk í formi styrktarlínu í blaði sem dreift verður með Fréttablaðinu. Erindinu hafnað.

7. Efni til kynningar:

- 7.1. Bréf Thorp Consulting, móttakið 19. febrúar 2017; kynning á starfsemi.
- 7.2. Ársskýrsla Hestamannafélagsins Trausta 2016 ásamt ársreikningi.

- 7.3. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. febrúar 2017; málþing 3. mars „Sveitarfélögin og ferðaþjónusta“.
- 7.4. Niðurstaða styrkúthlutunar vegna verkefnisins Ísland ljóstengt 2017.
- 7.5. Ársuppgjör Laugaráslæknishéraðs 2016.
- 7.6. Uppgjör 2016 Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs ásamt áætlun framlaga 2017.
- 7.7. Tölvuskeyti Landgræðslunnar, dags. 1. febrúar 2017; kynning á skýrslunni „Lífrænn úrgangur til landgræðslu – tækifæri“.
- 7.8. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. febrúar 2017; boð á kynningarfund um gerð húsnaðisáætlana.

8. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

Valgerður Sævarsdóttir

Helgi Kjartansson

Óttar Bragi Þráinsson

Valtýr Valtýsson